

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir norðurhluta Móahverfis.
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 14. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir norðurhluta Móahverfis.

Breytingin tekur til norðurhluta Móahverfis og felur í sér að:

- Í Sunnumóa 2-4-6-8-10 og Strýtumóa 2-4-6-8-10 er sú breyting gerð að öll hús verða á tveimur hæðum í stað þess að vera á einni hæð og byggingarmagn eykst í samræmi.
- Breyting er gerð á lóðarmörkum Borgarmóa 1-3 þannig að lóðarmörkin leggjast að lóðarmörkum Borgarmóa 2. Lóðin við Borgarmóa 1-3 stækkar úr 4.485 m² í 4.560 m².
- Lóðir við Berjamóa 2 og Bergmóa 2 minnka óverulega þannig að lóðarmörk verða a.m.k. 3,0 m frá núverandi háspennustreng meðfram Síðubraut.
- Síðubraut á milli Vestursíðu og Langamóa ásamt stofnstíg og hljóðvörn meðfram Síðubraut suðaustanverðri er hliðrað um 6,0 m til norðvesturs. Vegna færslu Síðubrautar hliðrast einnig fyrirhuguð Rangárvallalína 3 (jarðstrengur) sem gert er ráð fyrir meðfram Síðubraut norðvestanverðri.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 6. mars 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 20. mars 2024